

Sviðslistir		1. bekkur	
Kennari: Guðný Kristjánsdóttir Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku			
Menntagildi námsgreinar: Allir geta eitthvað, enginn getur allt..... Allt getur gerst! Leiklist er list augnabliksins. Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, mótun og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.			
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Leiklist.	<ul style="list-style-type: none"> Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknunum. Sýnt skólafélögum tillitssemi. Notað búninga og leikmuni til að styðja við sköpun sína. Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi. Farið eftir fyrirmælum kennara. 	<p>Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum og hópeflisæfingum. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun. Raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að vera áhorfandi.</p> <p>Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.</p> <p>Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal.</p>	Tekið er mið af hæfniviðmiðum.

